

Álíta verður, að margnefnt loftnet sé óhjákvæmilegur liður í þeim búnaði, sem kærði þurfti að koma sér upp til þess að geta starfrækt margnefnda metrabylgjustöð, og því megi telja það til sakargagna í skilningi 45. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til framanritaðs og þar sem rökstuddur grunur leikur á, að kærði, Óskar Matthíasson, hafi með uppsetningu umrædds VHF loftnets og starfrækslu þess í fullkomnu heimildarleysi gerst brotlegur við 2. gr. og 27. gr. fjarskiptalaga nr. 30/1941, þykir, með skírskotun til 43. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 51. gr. laga nr. 74/1974 rétt að heimila lögreglunni í Vestmannaeyjum að taka niður og leggja hald á VHF loftnet á þaki hússins nr. 2 við Illugagötu í Vestmannaeyjum, til þess að starfsmenn radióeftirlits Póst- og símamálastofnunarinnar geti rannsakað umrætt loftnet.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lögreglunni í Vestmannaeyjum er heimilt að taka niður og leggja hald á VHF sérbyggt bátasendiloftnet á þaki Illugagötu 2, Vestmannaeyjum, eign Óskars Matthíassonar.

Starfsmenn radióeftirlits Póst- og símamálastofnunarinnar skulu eiga aðgang að loftnetinu til þess að geta rannsakað áðurnefnt loftnet.

Þriðjudaginn 2. nóvember 1982.

Nr. 147/1980. **Júdódeild Ármanns**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Lofti Hilmarí Jónssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1980 og gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að kröfur stefnda á hendur honum verði aðeins teknar til greina að óverulegu leyti, en stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi mótmælir kröfu áfrýjanda um ómerkingu og krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Munnlegur málflutningur í héraði fór fram í máli þessu hinn 31. mars 1980, en dómur var kveðinn upp 16. júlí s. á., en ekki 14. júlí, eins og misritast hefur í dóminum. Með þessum drætti á dómsuppsögu hefur héraðsdómari brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 31. mars 1980 og skylda héraðsdóm til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Meðferð máls þessa í héraði frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 31. mars 1980 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómi að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 15. mars 1979, af Lofti Hilmarí Jónssyni, Löngubrekku 18,

Kópavogi, gegn Júdódeild Ármanns, Ármúla 32, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 230.753 með 3% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 109.362 frá 1. mars 1979 til greiðsludags og málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar í málinu, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að haustið 1974 veitti stefnandi stefnda peningalán, er stefndi keypti íbúð að Álftamýri 56 í Reykjavík. Var lánið upphaflega um það bil kr. 500.000. Meginhluti lánsins var síðan greiddur með peningum, en Júdódeildin samþykkti síðan víxil fyrir eftirstöðvum lánsins með gjalddaga 30. júní 1975, og er sá víxill grundvöllur málshöfðunar stefnanda, en þar sem víxilréttur er fallinn niður fyrir fyrningu, er málið höfðað sem almennt skuldamál með heimild í 74. gr. laga nr. 93/1933.

Reimar Stefánsson, varaformaður stefnda, hefur komið fyrir dóminn. Kvaðst honum vera kunnugt um (sic), að stefnandi hefði veitt Júdódeildinni peningalán í sambandi við kaup deildarinnar á íbúð að Álftamýri 56. Þetta lán, sem hafi verið um það bil kr. 500.000, hafi verið endurgreitt að svo miklu leyti sem um var samið, þ. e. að eftir stæðu af láninu kr. 100.000 vegna þess, að stefnandi hafi fengið veð í íbúðinni að Álftamýri 56, sem stefnandi hafi síðan lofað að flytja af íbúðinni ekki síðar en tveimur mánuðum seinna, en aldrei hafi það verið gert og ennþá hvíli veðið á íbúðinni, en þessi víxill, er frammi liggja í málinu, sé tryggingarvíxill fyrir því, að stefnandi flytji veðið. Kvaðst Reimar líta svo á, að skuldin væri gjaldfallin, um leið og stefnandi hefði flutt veðið af íbúðinni. Eingöngu hafi verið um munnlegt samkomulag milli hans og stefnanda um það skilyrði, að stefnandi flytti veðið, áður en víxillinn yrði greiddur.

Aðspurður um það, hvenær stefnandi var gjaldkeri Júdódeildarinnar, sagði Reimar, að það hefði verið á tímabilinu 1974 til 1976. Aðspurður um það, hvort stefnandi hafi misfarið með fé Júdódeildar Ármanns, sagðist Reimar ekki geta staðfest neitt um það, en ýmislegt í hans bókshaldi gæti gefið slíkt til kynna, en það hafi ekki verið kannað, þannig að hægt sé að sanna eitt né neitt í því, því að ekki hafi farið fram nein slík rannsókn. Hins vegar sé það vitað mál, að stefnandi hafi haft fé af deildinni, þó að ekki hafi hann tekið það ófrjálsri hendi, heldur hafi

stefnandi haldið bókhaldinu ári lengur en honum var heimilt að gera og hafi þar af leiðandi haft af deildinni styrki í eitt ár, sem sé út af fyrir sig alvarlegt mál, en deildin hafi þurft að skila bókhaldinu til þess að fá styrki út á reksturinn.

Stefnandi hefur og sjálfur komið fyrir dóminn. Sagði hann, að þegar Júdódeildin hefði ráðist í kaup á íbúðinni að Álftamýri 56, hefðu verið greiðsluerfiðleikar hjá deildinni. Hann hefði þá persónulega getað fengið lán úr eftirlaunasjóði Olíufélagsins Skeljungs. Hafi hann tekið þetta lán beint fyrir deildina. Lánið hafi síðan verið veðtryggt í íbúð Júdódeildarinnar með samþykki þáverandi stjórnar og sé þar ennþá áhvílandi, að því er hann viti best, enda hafi hann ekki haft veð sjálfur og lánið hafi orðið að tryggja með 1. veðrétti. Þegar Júdódeildin hafi síðar greitt hluta lánsins til baka, hafi hún samþykkt víxil fyrir eftirstöðvum lánsins að viðbættum vöxtum. Í upphafi hafi það ekki verið gert að skilyrði fyrir greiðslu víxilsins, að veðinu yrði aflétt. Hins vegar hafi það komið til seinna, að Júdódeildin gæti fengið lán út á íbúðina gegn fyrsta veðrétti og þá yrði að losa þetta veð eða fá annað samhliða, en ekkert varð úr breytingum varðandi þetta þá. Ennþá seinna, eða árið 1977, er stefnandi var hættur í stjórn deildarinnar og hann hafi viljað fá víxilinn endurnýjaðan, til þess að víxilréttur fyrntist ekki, en það hafi verið gert áður, þá hafi komið upp sú staða, að stefnandi yrði að létta veðinu af íbúðinni til þess að fá víxilinn greiddan, en hann hafi aldrei samþykkt að gera það.

Aðspurður um það, hvort ágreiningur hefði orðið milli hans og stjórnarinnar varðandi uppgjör, bókhald og skil á bókhaldi, sagði stefnandi, að bókhaldið hefði legið fyrir hjá endurskoðanda. Aftur á móti hefði hann sem gjaldkeri félagsins haft heimild til þess að hafa fylgiskjölin hjá sér. Þegar þeir hefðu neitað að framlengja víxilinn, þá hafi hann haft fylgiskjölin hjá sér á skrifstofunni hjá Skeljungi. Hann hafi um tíma ekki afhent fylgiskjölin, þar sem víxillinn fékkst ekki framlengdur. Honum sé ekki kunnugt um, hvar fylgiskjölin séu núna, en sig minni, að Reimar hafi sótt þau til sín.

Aðspurður um það, hvort Júdódeildin hafi orðið af einhverjum opinberum styrkjum í sambandi við vanskil á bókhaldi og fylgiskjöllum, kvaðst mætta ekki vera kunnugt um það (sic).

III.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að haustið 1974 hafi

stefnandi veitt stefnda peningalán. Fyrir eftirstöðvum lánsins hafi stefndi samþykkt víxil. Víxilréttur sé að vísu fyrndur, en eftir standi einhliða óskilyrt skuldaviðurkenning stefnda.

Þó að einhver deila hafi risið milli stefnanda og stefnda varðandi uppgjör aðiljanna vegna starfa stefnanda sem gjaldkera Júdódeildarinnar, þá sé það þessu máli allsendis óviðkomandi. Skýrsla endurskoðanda á dskj. nr. 5 sýni ekki fram á, að stefnandi skuldi stefnda fé, enda segi í skýrslunni, að erfitt sé að fullsanna neitt. Skýrsla þessi hafi verið samin 20. desember 1976 og ekkert hafi verið aðhafst frá þeim tíma og engar gagnkröfur hafi verið gerðar á hendur stefnanda.

Stefnandi sé búinn að bíða frá árinu 1976 til þess að fá kröfu sína greidda og sé nú tími til kominn, að hann fái kröfuna greidda.

Í greinargerð sinni byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að krafa stefnanda sé fyrnd og jafnvel þó hún væri ekki fyrnd, sé stefnandi ekki eigandi umrædds víxils, heldur stefndi sjálfur. Við munnlegan málflutning virðist vera fallið frá þessari sýknuástæðu, að um aðildarskort sé að ræða, þar sem fram kom við málflutning, að því væri ekki mótmælt, að um hafi verið að ræða skuld við stefnanda, hins vegar því mótmælt, að skuldin væri kræf, þar sem því skilyrði, að veðinu yrði aflétt af íbúð stefnda að Álftamýri 56, hefði ekki verið fullnægt. Eftirstöðvar lánsins, er stefnandi hafi fengið og tryggt væri með veði í íbúð stefnda, væru í vanskilum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi jafnframt á því, að rökstuddur grunur sé um það, að stefnandi hafi dregið sér fé, er hann var gjaldkeri stefnda. Kritisk endurskoðun löggilts endurskoðanda hafi farið fram á fjárreiðum félagsins fyrir tímabilið 1. október 1974 til 30. september 1975.

Komi þar fram, að kr. 159.440.30 vanti í sjóðinn, og telja verði, að stefnandi eigi að standa stefnda skil á þessari fjárhæð. Margt sé búið að biðja stefnanda að gera grein fyrir bókhaldinu, þar sem það sé margt, sem þarfnist skýringa við, en það hafi ekki borið árangur. Ekki sé hægt að taka kröfu stefnanda til greina, þar sem uppgjóri milli stefnanda og stefnda sé enn ekki lokið og ekki sé hægt að slíta þessa einu kröfu úr sambandi við önnur fjármálaleg skipti aðiljanna.

IV.

Óumdeilt er í málinu, að haustið 1974 hafi stefnandi veitt

stefnda peningalán. Fyrir eftirstöðvum þess láns samþykkti stefndi víxil, og mun það vera skuldaviðurkenning sú á víxileyðublaði, er frammi liggur í máli þessu. með gjalddaga 30. júní 1975, að fjárhæð kr. 109.362. Víxilréttur er, eins og áður segir, fyrndur, en málið höfðað sem almennt skuldamál með heimild í 74. gr. laga nr. 93/1933.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að stefnukrafan sé fyrnd, þar sem stefna í máli þessu var birt 15. mars 1979, en gjalddagi skuldaviðurkenningarinnar var 30. júní 1975, sbr. 2., 3. og 4. gr. laga nr. 14/1905.

Hvorki stefnufjárhæðinni né vaxtakröfu stefnanda hefur verið mótmælt sem slíkum og því ekki mótmælt, að stefndi skuldi stefnanda umkrafa fjárhæð, hins vegar mótmælir stefndi því, að skuldin sé gjaldkræf, þar sem stefnandi hafi ekki fullnægt umsömdu skilyrði greiðslunnar, þ. e. að aflétta veðinu af íbúð stefnda að Álfamýri 56. Gegn mótmælum stefnanda þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi samþykkt slíkt skilyrði fyrir greiðslunni, og ber framlögð skuldaviðurkenning ekki með sér, að skuldbinding stefnda samkvæmt henni sé skilyrt á einhvern hátt.

Hvort stefndi eigi einhverja fjárkröfu á hendur stefnanda vegna starfa stefnanda sem gjaldkera hjá Júdódeild Ármanns, kemur ekki til álita í þessu máli, þar sem engar gagnkröfur hafa verið gerðar á hendur stefnanda í þessu máli.

Verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Með hliðsjón af úrslitum málsins þykir stefndi eiga að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 165.000.

Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómars.

Dómsorð:

Stefndi, Júdódeild Ármanns, greiði stefnanda, Lofti Hilmari Jónssyni, kr. 230.753 með 3% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 109.362 frá 1. mars 1979 til greiðsludags og kr. 165.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.